FEL 06080004

# Skýrsla félagsmálaráðuneytisins um

## 64. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1978.

Sextugasta og fjórða þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) var háð í Genf dagana 7.-28. júní 1978.

Þingið sátu rúmlega 1700 fulltrúar og ráðunautar frá 129 aðildarríkjum, en þau voru 136 þegar þetta þing var haldið. Einnig fylgdist fjöldi áheyrnarfulltrúa með störfum þingsins.

Þingforseti var kjörinn Ojeda Paullada félags- og vinnumálaráðherra Mexico.

Fulltrúar Íslands voru: Haraldur Kröyer sendiherra, Jón S. Ólafsson skrifstofustjóri, Jón H. Bergs fyrrum formaður Vinnuveitendasambands Íslands og Snorri Jónsson starfandi forseti Alþýðusambands Íslands, en síðari hluta þingsins kom Ásmundur Stefánsson hagfræðingur í hans stað.

Dagskrá þingsins var svohljóðandi:

I. Skýrsla forstjóra.
II. Stefnumál og fjárhagsmál.
III. Skýrslur um framkvæmd samþykkta.
IV. Stjórn vinnumála (síðari umræða).
V. Félagafrelsi og aðferðir við ákvörðun starfskjara opinberra starfsmanna (síðari umræða).
VI. Endurskoðun Samþykktar nr. 32 um slysavarnir við hafnarvinnu (fyrri umræða).
VII. Vinnutími og hvíldartími við flutninga landleiðis (fyrri umræða).
VIII. Skipulagsmál ILO.

Ennfremur var fjallað um tillögur til ályktana um mál sem ekki voru á dagskrá og fram fór kosning stjórnar.

Á þinginu var minnst 100 ára afmælis Alberts Thomas, fyrsta forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og franski forsætisráðherrann Raymond Barre var af því tilefni heiðursgestur þingsins og flutti ræðu.

Þá skal þess getið, að sérstakur þingfundur var haldinn til þess að ræða aðskilnaðarstefnu stjórnar Suður-Afríku, en fram hafði verið lögð 14. skýrsla um framkvæmd ályktunar þingsins 1962 um þetta mál.

### I. Skýrsla forstjóra.

Að þessu sinni fjallaði skýrsla forstjóra einungis um starfsemi stofnunarinnar á árinu 1977, en um margra ára skeið hafði það verið venja, að hann tæki til umfjöllunar ákveðið mál, sem hann teldi sérstaka þörf að ræða.

Í skýrslunni segir að þetta ár hafi verið eitt hið erfiðasta í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ríkt hafi óvissa, pólitísk togstreita og fjárhagsörðugleikar vegna úrsagnar Bandaríkjanna, en árgjöld þeirra höfðu numið fjórðungi af samanlögðum árgjöldum aðildarríkja til stofnunarinnar.

Þrátt fyrir þessa örðugleika hafði ILO starfað á sínum hefðbundnu sviðum að mannréttindum, setningu alþjóðlegra reglna og ákvæða, starfsmenntun, vinnuskilyrðum og umhverfismálum á vinnustöðum, vinnumarkaðsmálum o. fl.

## II. Stefnumál og fjárhagsmál.

Á þinginu 1977 var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árin 1978 og 1979 að upphæð samtals 169.074.000.- dollarar þ. e. 87.037.000 dollarar árið 1978 og og 82.037.000 árið 1979. Vegna breyttra aðstæðna, svo sem lækkun gengis bandaríkjadollara gagnvart svissneskum frönkum, greiðslutregðu einstakra aðildarríkja o.fl., reyndist nauðsynlegt að samþykkja hækkun fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið 1979 þannig að hún nemur 120.618.425 dollurum, en var 87.037.000 dollarar árið 1978.

Hlutur Íslands var 0.02% og var árgjald þess 24.124 bandaríkjadollarar.

## III. Skýrslur um framkvæmd samþykkta.

Samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber aðildarríkjum hennar að gefa á vissum fresti skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta, sem þau hafa fullgilt. Einnig eru þau oft krafin um skýrslur um málefni, sem um er fjallað í samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt.

Um allar þessar skýrslur fjallar 18 manna sérfræðinganefnd skipuð lögfræðingum frá ýmsum löndum. Þessi sérfræðinganefnd lætur stjórn ILO í té greinargerð um það, sem henni kann að þykja á skorta að ríki ræki þær skyldur, sem þau hafa undirgengist með fullgildingu samþykkta. Þessi greinargerð er síðan lögð til grundvallar störfum þingnefndarinnar, sem um málið fjallar.

Með þessum hætti er haft eftirlit með því hvernig aðildarríkin gegna skyldum sínum og er þeim gerð grein fyrir því sem áfátt kann að vera í löggjöf þeirra eða framkvæmd. Sé ekki úr því bætt sem áfátt kann að vera er hlutaðeigandi ríki skráð á sérstakan vanrækslulista. Eru það nánast hin einu viðurlög sem stofnunin getur beitt, en sú aðferð hefur reynst árangursrík. Á síðari árum hefur þess mjög gætt að ýms ný ríki hafa verið í vanda með að uppfylla skyldur sínar og því hefur ILO látið þeim í té aðstoð sérfræðinga til þess að aðstoða við samningu laga og reglna. Hefur þessi aðstoð gefið góða raun.

## IV. Stjórn vinnumála.

Þetta mál, sem var til fyrri umræðu á þinginu 1977, varðar stefnumörkun í vinnumálum og stjórnun á því sviði, svo og samvinnu stjórnvalda og samtaka atvinnurekenda og launafólks. Á því þingi var gengið frá drögum að samþykkt og tillögu um málið. Þessi drög voru síðan send ríkisstjórnum til athugunar. Að fengnum athugasemdum ríkisstjórna voru samdir nýir textar, sem lagðir voru fyrir þingið 1978 til síðari umræðu og afgreiðslu.

Við umfjöllun á þinginu urðu nokkrar breytingar á þessum textum og málið síðan afgreitt með samþykkt og tillögu. Samþykktin hlaut 408 atkvæði en tillagan 396.

Texti samþykktarinnar var hafður sveigjanlegur með það fyrir augum að sem flest ríki gætu fullgilt hana, þótti reyndar ýmsum full langt gengið í því efni.

Í inngangi samþykktarinnar er vitnað til fyrri samþykkta um vinnueftirlit og vinnumiðlun, svo og samþykkta um félagafrelsi og samningsrétt.

1. grein hefur að geyma orðaskýringar.

Samkvæmt 2. grein er unnt að fela öðrum en opinberum stofnunum tiltekin hlutverk í stjórnun vinnumála. Eru þá einkum höfð í huga samtök atvinnurekenda og launafólks.

Í 3. grein er gert ráð fyrir því að tilteknar athafnir á sviði stjórnunar vinnumála stjórnist með samningum milli aðildarsamtaka vinnumarkaðarins.

Samkvæmt 4. grein skulu aðildarríki, sem fullgilda samþykktina tryggja raunhæfa stjórn vinnumála í samræmi við aðstæður í hverju landi.

Í 5. grein er skýrt kveðið á um samráð og samstarf milli stjórnvalda og aðalsamtaka atvinnurekenda og launafólks.

Í 6. grein eru talin verkefni þau, sem stofnunum innan stjórnkerfis vinnumála ber að

annast, en þær skulu móta og framfylgja stefnu í þessum málum, fylgjast gjörla með ástandi á vinnumarkaðnum og veita atvinnurekendum og launþegum og samtökum þeirra kost á aðstoð eftir því sem við kann að eiga.

Samkvæmt 7. grein er heimilt að halda nokkrum starfshópum utan umrædds stjórnkerfis svo sem leiguliðum og þeim sem stunda sjálfstæða atvinnu án aðfenginnar aðstoðar. Stefna ber þó að því að starfssvið stjórnkerfisins nái einnig til þessara hópa.

Í 8. grein er gert ráð fyrir alþjóðlegri samvinnu stofnana, sem stjórnun vinnumála annast og samkvæmt 9. grein ber miðstjórn vinnumála að hafa eftirlit með öllum stofnunum, sem annast kunna sérstök hlutverk á sviði stjórnunar vinnumála.

10. grein kveður svo á, að starfslið stjórnkerfis vinnumála skuli skipað hæfu og þjálfuðu starfsfólki og því skal veita aðstöðu og efni til þess að inna störf sín vel af hendi.

11.-18. gr. hafa að geyma venjulega ákvæði um fullgildingu, gildistöku, uppsögn og endurskoðun.

Tillagan hefur að geyma ábendingu um hlutverk stjórnkerfis vinnumála viðvíkjandi reglum og ákvæðum er varða vinnumál, samskipti félagssamtaka vinnumarkaðarins og stjórnvalda, vinnumálapólitík og kannanir á vinnumarkaði. Ennfremur er þar að finna leiðbeiningar um uppbyggingu stjórnkerfisins. Samþykktin og tillagan eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl I og III.

## V. Félagafrelsi og aðferðir við ákvörðun starfskjara opinberra starfsmanna.

Á árinu 1975 var haldin tæknileg ráðstefna um þetta mál og síðan var það tekið til fyrri umræðu á allsherjarþinginu 1977. Á því þingi voru afgreidd drög að samþykkt og tillögu um þetta efni og ákveðið að taka það til síðari umræðu og afgreiðslu á næsta þingi. Þessi drög voru send aðildarríkjunum til athugunar og umsagnar. Að fengnum þeim umsögnum voru gerðir nýir textar, sem lagðir voru fyrir þingið 1978. Nokkrar smávægilegar breytingar voru gerðar á þessum textum á þinginu.

Við endanlega afgreiðslu á þinginu féllu atkvæði þannig, að með samþykktinni greiddu 331 fulltrúar atkvæði, enginn gegn, en 54 sátu hjá. Með tillögunni greiddu 349 fulltrúar atkvæði, enginn gegn, en 33 sátu hjá.

Árið 1949 gerði Alþjóðavinnumálaþingið samþykkt um réttinn til þess að stofna félög og semja sameiginlega. Í þeirri samþykkt segir að hún taki ekki til opinberra starfsmanna, sem vinna að stjórnarframkvæmdum ríkisins, né heldur skuli hún skilin á þann veg að hún skerði rétt þeirra eða stöðu á nokkurn hátt. Sú samþykkt, sem nú var gerð, kemur því sem uppbót á hina fyrri og má líta á hana sem tákn þeirra breytinga á viðhorfum í þessum málum sem orðið hafa á síðari árum.

Aðalregla samþykktarinnar er að hún taki til allra manna í þjónustu opinberra stjórnvalda, þ. e. bæði í þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Heimilt er þó að kveða á um það með lögum eða reglugerðum að hve miklu leyti sú trygging, sem hún veitir, skuli ná til háttsettra launamanna, sem gegna sérlegum ábyrgðar- eða trúnaðarstöðum. Á sama hátt skal kveða á um að hve miklu leyti samþykktin skuli taka til hers og lögreglu.

Í öðrum kafla samþykktarinnar eru ákvæði um félagafrelsi og verndun þess fyrir íhlutun eða afskiptum opinberra stjórnvalda.

Þriðji kaflinn kveður svo á að tryggja skuli fulltrúum hlutaðeigandi stéttarfélaga aðstöðu til þess að sinna sínu hlutverki bæði innan og utan síns vinnutíma, enda komi það ekki í bág við starfsemi hlutaðeigandi stofnunar.

Fjórði og fimmti kaflinn fjalla um aðferðir við ákvörðun starfskjara og lausn á deilum. Svo er fyrir mælt, að deilur skuli leysa með samningum milli aðila eða fyrir atbeina óháðra og hlutlausra aðila, svo sem sáttasemjara eða gerðardóma. Ekki er kveðið á um verkfallsrétt svo að það efni fer eftir lögum hvers lands.

Í sjötta kafla er kveðið á um borgaraleg og pólitísk réttindi opinberra starfsmanna. Sjöundi kaflinn hefur svo að geyma venjuleg ákvæði um gildistöku o. fl.

Í tillögunni, sem þingið gerði samtímis samþykktinni, er að finna reglur um viðurkenningu á stéttarfélögum opinberra starfmanna, hvaða menn eða stofnanir semji fyrir hönd hins opinbera, gildistíma samninga o. fl.

## VI. Endurskoðun Samþykktar nr. 32 um slysavarnir við hafnarvinnu.

Í janúar 1976 var á vegum ILO haldin ráðstefna sérfræðinga um heilbrigðis- og öryggisráðstafanir við hafnarvinnu. Samkvæmt tillögu þessarar ráðstefnu ákvað stjórn ILO, að á allsherjarþinginu 1978 skyldi taka til fyrri umræðu endurskoðun Samþykktar nr. 32 frá 1932 um slysavarnir hafnarverkamanna, en sú samþykkt var endurskoðuð útgáfa Samþykktar nr. 28 frá 1929.

Fyrir þinginu lá skýrsla Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, sem samin hafði verið að fengnum svörum aðildarríkja við spurningaskrám, sem þeim höfðu verið sendar. Á þinginu voru svo samþykkt drög að samþykkt og tillögu og ákveðið að taka mál þetta til síðari umræðu á næsta þingi.

Í ræðu sinni á fundi þingnefndarinnar, sem um þetta mál fjallaði, lagði fulltrúi forstjóra áherslu á nauðsyn þess að endurskoða samþykktina frá 1932 þar sem hún tæki einmitt til þeirrar atvinnugreinar, sem hefði mesta slysatíðni. Á þessu sviði hefðu einnig orðið stórfelldar tæknilegar breytingar á þeim 46 árum sem liðin væru frá því að samþykktin var gerð.

## VII. Vinnutími og hvíldartími við flutninga landleiðis.

Árið 1939 gerði Alþjóðavinnumálaþingið samþykkt um þetta efni. Sú samþykkt hefur aðeins hlotið fullgildingu fjögurra ríkja. Það var því talið æskilegt að taka málið til umræðu á ný og gera nýja samþykkt með sveigjanlegri texta. Gengið var á þessu þingi frá slíkum drögum að samþykkt og tillögu henni til viðbótar. Jafnframt var ákveðið að taka málið til síðari umræðu og endanlegrar afgreiðslu á næsta þingi.

## VIII. Skipulagsmál ILO.

Um langt skeið hafa farið fram umræður innan stjórnarinnar og á þingum um breytingar á skipulagi eða uppbyggingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á þinginu 1974 var svo myndaður starfshópur til þess að fjalla um þetta mál og gera tillögur um það til þingsins. En þessi starfshópur er að hluta skipaður af stjórninni og að hluta af þinginu. Umboð starfshópsins hefur verið framlengt frá ári til árs. Hefur hann haldið 2-3 fundi á ári hverju og skilað skýrslu um störf sín til hvers þings og hefur sérstök þingnefnd fjallað um málið. Svo var einnig á þessu þingi, en til þessa hafði starfshópurinn náð litlum árangri.

Það sem mest er um fjallað er skipting valds milli þings og stjórnar, hvort viðhalda skuli hinum föstu sætum í stjórninni og samsetningu hópa atvinnurekenda- og verkamannafulltrúa í stjórninni.

Fulltrúar þróunarlandanna og sósíalisku ríkjanna telja að vestrænu iðnríkin hafi of mikil áhrif innan ILO vegna hinna sterku ítaka sinna í stjórninni og sterkrar stöðu stjórnarinnar gagnvart þinginu. Fulltrúar vesturlanda og margir fulltrúar atvinnurekenda og launafólks telja aftur á móti að breytingar á núverandi skipan mundi stofna hinni þríeinu uppbyggingu ILO í hættu.

Umfjöllun þingsins um þessi skipulagsmál leiddi ekki til lausnar á þeim, en störf starfshópsins þóttu gefa það góðar vonir, að umboð hans var framlengt.

### IX. Ályktanir utan dagskrár.

Ályktananefnd þingsins bárust 18 tillögur til þingsályktana. Þrjár þeirra voru síðan sameinaðar þar sem þær fjölluðu um sama efni. Greidd voru atkvæði um það í nefndinni í hvaða röð þessar tillögur skyldu ræddar.

Nefndinni vannst aðeins tími til þess að ræða þrjár þessara tillagna. Tvær þeirra voru samþykktar í nefndinni, en ein var dregin til baka.

Fyrri tillagan var borin fram af stjórnarfulltrúum Lybiu og Sýrlands og fól hún í sér harðar vítur á Ísrael vegna meðferðar á aröbum í Palestínu og á öðrum herteknum svæðum. Mikill hluti af starfstíma nefndarinnar fór í umræður um þessa tillögu, enda voru þær umræður langar og harðar.

Tillagan var svo sem áður segir samþykkt í nefndinni, en hún náði ekki samþykki á þinginu sjálfu vegna þess hve magir sátu hjá við atkvæðagreiðslu. Með ályktunartillögunni greiddu 211 fulltrúar atkvæði, enginn gegn, en 139 sátu hjá, þ. á m. fulltrúar Norðurlandanna allra.

Síðari ályktunartillagan fjallar um atvinnuleysi ungmenna. Flutningsmenn hennar voru verkamannafulltrúar margra ríkja. Tillaga þessi hlaut alhliða stuðning og var samþykkt með nokkrum breytingum bæði í nefnd og á allsherjarþinginu.

Í þessari þingsályktun felst áskorun til aðildarríkjanna um að gera raunhæfar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi meðal ungs fólks m. a. með aukinni starfsfræðslu, leiðbeiningum við starfsval og vinnumiðlun.

### X. Stjórnarkjör.

Á þessu þingi fór fram stjórnarkjör til næstu þriggja ára. Stjórn ILO er skipuð 56 mönnum. Í henni eiga sæti 28 fulltrúar ríkisstjórna, 14 fulltrúar atvinnurekenda og 14 fulltrúar verkamanna. Tíu stærstu iðnaðarríkin eiga föst sæti í stjórninni, svo að aðeins eru kosin 18 ríki til þess að eiga þar sæti. Fulltrúar atvinnurekenda og verkamanna kjósa sína fulltrúa persónulega. Með samkomulagi hefur aðildarrkjunum verið skipt í hópa í sambandi við stjórnarkjör og hverjum hópi ákveðin hlutdeild í stjórninni. Samkvæmt þeim reglum áttu ríki Vestur-Evrópu rétt á einu þessara 18 sæta ríkisstjórnarfulltrúa. Að þessu sinni voru það Malta, Spánn og Svíþjóð, sem kepptu um þetta sæti. Þar sem ekkert þessara þriggja ríkja vildi taka aftur framboð sitt var kosið sérstaklega um þetta sæti. Í fyrstu umferð hlaut Spánn flest atkvæði. Drógu þá hin ríkin tvö sig í hlé. Spánn hlaut því þetta sæti aðalfulltrúa, en Svíþjóð hlaut sæti varamanns. Þess skal getið að varamenn í stjórn sitja alla stjórnarfundi, hafa þar málfrelsi og tillögurett en ekki atkvæðisrétt.

**Fylgiskjal I.**

### Samþykkt nr. 150 um stjórn vinnumála: hlutverk, starfsemi og skipulag.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 64. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1978 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálskrifstofunnar,

minnist ákvæða gildandi alþjóðavinnumálasamþykkta og tillagna, þar á meðal sérstaklega Samþykktar um vinnueftirlit, 1947, Samþykktar um vinnueftirlit í landbúnaði, 1969 og Samþykktar um vinnumiðlun, 1948, sem krefjast sérstakrar stjórnunar á vinnumálum,

telja æskilegt að samþykkja reglur, sem séu til leiðbeiningar um stjórnkerfi vinnumála í heild,

minnist ákvæða Samþykktar um stefnu í atvinnumálum, 1964 og Samþykktar um þróun vinnuafls 1975 og minnist einnig þess markmiðs að völ sé nægrar atvinnu með viðunandi

launum og staðfestir að þörf sé áætlana um stjórn vinnumála til þess að vinna að þessu markmiði og til þess að framfylgja tilgangi þessara samþykkta,

viðurkennir að nauðsynlegt sé að virða að fullu sjálfsforræði félaga atvinnurekenda og launþega og minnist í því sambandi ákvæða gildandi alþjóðavinnumálasamþykkta og tillagna, sem tryggja réttinn til að stofna og ganga í félög og gera heildarsamninga og þá sér í lagi Samþykktar um félagafrelsi og verndun þess, 1948, og Samþykktar um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, sem banna þau afskipti stjórnvalda, sem skerða þennan rétt eða hindra löglega beitingu hans og telur að félög atvinnurekenda og launþega eigi veigamiklu hlutverki að gegna í efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum framförum,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi stjórn vinnumála, hlutverk hennar, starfsemi og skipulag, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir það í dag 26. júní 1978 eftirfarandi samþykkt, sem nefndist Samþykkt um stjórn vinnumála 1978:

1. gr.

Í þessari samþykkt

a) tákna orðin „stjórn vinnumála" opinberar stjórnarathafnir á því sviði, sem stjórnarstefna þjóðarinnar í vinnumálum tekur til;

b) taka orðin „stjórnkerfi vinnumála" til allra opinberra stjórnarstofnana, sem bera ábyrgð á og/eða annast stjórn vinnumála, hvort sem það eru ráðuneyti eða opinberar stofnanir þar með taldar stofnanir, sem eru hálfopinberar, svæðis- eða hérðasstofnanir eða hvers konar annað form dreifðrar stjórnar, enn fremur hvers konar skipulagðar samræmingar á starfsemi slíkrar stofnana og samráðs við og þátttöku atvinnurekenda og launþega og samtaka þeirra.

2. gr.

Í samræmi við landslög, reglugerðir eða landsvenju getur aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, falið tiltekin hlutverk í stjórn vinnumála á hendur stofnunum, sem ekki eru opinberar, einkum félögum atvinnurekenda og launþega eða fulltrúum atvinnurekenda og launþega þar sem það hentar.

3. gr.

Aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur litið svo á að tilteknar athafnir innan marka stefnu þess í vinnumálum séu mál, sem í samræmi við landslög, reglugerðir eða landsvenju, stjórnist með beinum samningum milli samtaka atvinnurekenda og launþega.

4. gr.

Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal í samræmi við aðstæður í landinu tryggja skipulagningu og virka starfsemi stjórnkerfis vinnumála í landi sínu og að starfsemi þess og skyldur séu í góðu samræmi.

5. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal gera ráðstafanir, sem hæfa aðstæðum í landinu, til þess að innan stjórnkerfis vinnumála sé tryggt samráð, samvinna og samningaviðræður milli opinberra stjórnvalda og aðalsamtaka atvinnurekenda og launþega, eða fulltrúa atvinnurekenda og launþega þar sem það á við.

2. Að svo miklu leyti sem samrýmst getur landslögum, reglugerðum og landsvenju skulu slíkar ráðstafanir gerðar þannig að þær taki til landsins alls, einstakra svæða og héraða svo og til hinna ýmsu þátta atvinnulífsins.

6. gr.

1. Hlutaðeigandi stofnanir innan stjórnkerfis vinnumála skulu, eftir því sem við á, annast eða aðstoða við undirbúning, stjórnun, samræmingu, eftirlit og endurskoðun stjórnarstefnu í vinnumálum og vera sá aðili í hinu opinbera stjórnkerfi, sem hefur með höndum undirbúning og framkvæmd laga og reglugerða, sem framfylgja þeirri stjórnarstefnu.
2. Að teknu tilliti til viðeigandi alþjóðlegra ákvæða um vinnumál skulu þessar stofnanir sérstaklega:
   a) taka þátt í undirbúningi, stjórnun, samræmingu, eftirliti og endurskoðun stefnu þjóðarinnar í vinnumálum í samræmi við landslög og reglugerðir og landsvenju;
   b) kynna sér og fylgjast með aðstæðum manna sem eru í atvinnu, eru atvinnulausir eða ekki í fullu starfi og taka í því sambandi tillit til landslaga og reglugerða og landsvenja varðandi starfsskilyrði og ráðningarkjör, vekja athygli á misbeitingu og því sem áfátt er í þessum efnum og gera tillögur um úrbætur;
   c) gefa atvinnurekendum og launþegum og samtökum þeirra kost á þjónustu sinni eftir því sem við kann að eiga í samræmi við landslög og reglugerðir og landsvenju með það fyrir augum að stuðla að raunhæfum samráðum og samvinnu milli opinberra stjórnvalda og stofnana og samtaka atvinnurekenda og launþega svo og milli slíkra samtaka hvað við kemur landinu öllu, einstökum landshlutum eða héruðum svo og hinum ýmsu greinum atvinnulífsins;
   d) veita atvinnurekendum, launþegum og samtökum þeirra tæknilegar ráðleggingar, er þeir óska.

7. gr.

Þegar aðstæður í landinu krefja og í þeim tilgangi að bæta úr þörfum sem allra flestra launþega og að svo miklu leyti sem slík starfsemi fellur ekki þegar undir starfsvið stjórnar vinnumála, skal hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt stuðla að því að auka, í áföngum ef nauðsyn krefur, svið stjórnkerfis vinnumála svo að það taki til starfsemi, sem innt er af hendi í samvinnu við aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, um starfskjör og lífskjör ákveðinna flokka verkamanna, sem ekki eru launþegar samkvæmt lögum svo sem:

a) leiguliðar, sem ekki nota aðfengna aðstoð, leiguliðar sem greiða afgjald með hluta af afrakstri búsins og hliðstæðir flokkar landbúnaðarverkamanna;
b) sjálfstæðir verkamenn, sem ekki nota aðfengna aðstoð og starfa í þeim greinum atvinnulífsins, sem samkvæmt landsvenju teljast óskilgreindar;
c) meðlimir samvinnufélaga og fyrirtækja, sem stjórnað er af verkamönnum;
d) menn sem starfa innan kerfis sem byggt er á venjum eða erfðavenjum samfélagsins á staðnum.

8. gr.

Að svo miklu leyti sem það samrýmist landslögum og reglugerðum og venju í landinu skulu hlutaðeigandi stofnanir innan stjórnkerfis vinnumála aðstoða við mótun stjórnarstefnu landsins varðandi alþjóðleg vinnumál, taka þátt í því að koma fram fyrir ríkisins hönd í slíkum málum og aðstoða við undirbúning ráðstafana sem gera ber af hálfu ríkisins í því sambandi.

9. gr.

Með það fyrir augum að samræma á viðeigandi hátt hlutverk og skyldur stjórnkerfis vinnumála á þann hátt sem ákveðinn er samkvæmt lögum eða reglugerðum eða landsvenju skal vinnumálaráðuneyti eða annarri sambærilegri stofnun gert fært að staðreyna hvort hálfopinberar stofnanir, sem ábyrgð kunna að bera á sérstökum stjórnarstörfum vinnumála

og hvers konar staðbundnar eða svæðisbundnar stofnanir sem kann að hafa verið falin sérstök stjórnarstörf vinnumála, starfi í samræmi við landslög og reglugerðir og hagi sér eftir þeim reglum, sem þeim eru settar.

10. gr.

1. Starfslið stjórnkerfis vinnumála skal skipað mönnum sem eru hæfir til þeirra starfa, sem þeim eru falin, eiga aðgang að nauðsynlegri þjálfun til þessara starfa og eru óháðir óviðeigandi ytri áhrifum.
2. Þetta starfslið skal hafa þá stöðu, búnað og fjárráð, sem því er nauðsyn til þess að inna störf sín af hendi með góðum árangri.

11. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

12. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

13. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

14. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

15. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkv. 102 gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

16. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga

jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

17. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 13. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
   b aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

18. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

**Fylgiskjal II.**

**Samþykkt nr. 151 um verndun félagafrelsis og aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 64. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1978 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða Samþykktarinnar um félagafrelsi og verndun þess, 1948, Samþykktarinnar um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949 og Samþykktarinnar og Tillögunnar um trúnaðarmenn verkamanna, 1971,

minnist þess að Samþykktin um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949, tekur ekki til vissra flokka opinberra starfsmanna og að Samþykktin og Tillagan um trúnaðarmenn verkamanna taka til trúnaðarmanna í einstökum greinum,

gerir sér grein fyrir hinni miklu aukningu opinberrar þjónustu í mörgum löndum og þörfinni fyrir góð samskipti stjórnvalda og samtaka opinberra starfsmanna,

gefur gaum að þeim mikla mun, sem er á hinum pólitísku, félagslegu og efnahagslegu kerfum aðildarríkjanna og í framkvæmdum þeirra (t. d. að því er varðar starfsskiptingu milli ríkis og sveitarstjórna, milli sambandsríkis og héraðsstjórna, ríkisfyrirtækja og ýmissa gerða opinberra stofnana með meiri eða minni sjálfstjórn svo og að því er varðar samskipti á sviði vinnumála),

tekur tillit til þeirra sérstöku vandamála, sem birtast í sambandi við gildissvið og skilgreiningar alþjóðlegra gjörninga vegna þess mismunar, sem er í mörgum löndum á ráðningum í stöður hjá hinu opinbera og einkaaðilum svo og þess túlkunarvanda, sem komið hefur fram við framkvæmd viðkomandi ákvæða Samþykktar um félagafrelsi og samningsrétt,

1949, að því er tekur til opinberra starfsmanna og athugasemda eftirlitsaðila ILO um fjölda tilvika þessa efnis að ýmsar ríkisstjórnir hafi beitt þessum ákvæðum á þann veg að stórir hópar opinberra starfsmanna falla ekki undir þá samþykkt,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi félagafrelsi og ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir það í dag 27. júní 1978 eftirfarnadi samþykkt, sem nefnist samþykkt um samskipti vinnuveitanda og launþega (opinber þjónusta), 1978:

## I. KAFLI
## Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1. Þessi samþykkt tekur til allra manna í þjónustu opinberra stjórnvalda að svo miklu leyti sem hagstæðari ákvæði annarra alþjóðavinnumálasamþykkta taka ekki til þeirra.
2. Með lögum eða reglugerðum skal kveða á um að hve miklu leyti sú trygging, sem samþykkt þessi veitir, skuli ná til hátt settra launþega, er gegna störfum, sem almennt eru talin stefnumarkandi eða stjórnandi, eða til launþega, sem gegna miklum trúnaðarstörfum.
3. Með lögum eða reglugerðum skal kveða á um að hve miklu leyti réttindi sem samþykkt þessi veitir skuli ná til hers og lögreglu.

2. gr.

Í samþykkt þessari merkja orðin „opinber starfsmaður“ sérhvern mann, sem samþykktin tekur til samkvæmt 1. grein hennar.

3. gr.

Í þessari samþykkt merkja orðin „félag opinberra starfsmanna“ hvert það félag, sem hefur það markmið að efla og verja hagsmuni opinberra starfsmanna, hvernig svo sem það er saman sett.

## II. KAFLI
## Vernd félagafrelsis.

4. gr.

1. Í störfum sínum skulu opinberir starfsmenn njóta tilhlýðilegrar verndar fyrir aðgerðum andstæðum félagafrelsi.
2. Þessi vernd skal einkum beinast gegn aðgerðum, sem miða að því:
   a. að binda atvinnu opinberra starfsmanna því skilyrði að þeir gangi ekki í félag opinberra starfsmanna eða segi sig úr því;
   b. að segja opinberum starfsmanni upp starfi eða mismuna honum á annan hátt vegna aðildar að félagi opinberra starfsmanna, eða vegna þátttöku hans í eðlilegri starfsemi slíks félags.

5. gr.

1. Félög opinberra starfsmanna skulu vera algjörlega óháð opinberum stjórnvöldum.
2. Félög opinberra starfsmanna skulu njóta tilhlýðilegrar verndar gegn hvers konar íhlutun opinberra stjórnvalda í sambandi við stofnun þeirra, starfsemi eða stjórn.
3. Einkum skulu teljast íhlutun í merkingu þessarar greinar athafnir, sem ætlað er að stuðla að stofnun félaga opinberra starfsmanna undir yfirráðum opinbers stjórnvalds eða styðja félög opinberra starfsmanna fjárhagslega eða á annan hátt í því skyni að koma slíkum félögum undir eftirlit opinbers stjórnvalds.

## III. KAFLI

**Fyrirgreiðsla til handa félögum opinberra starfsmanna.**

6. gr.

1. Veita skal fulltrúum viðurkenndra félaga opinberra starfsmanna þá fyrirgreiðslu, sem við á til þess að þeir geti gegnt sínu hlutverki fljótt og vel bæði í og utan síns vinnutíma.
2. Veiting slíkrar fyrirgreiðslu skal ekki skerða raunhæfa framkvæmd þeirrar stjórnunar eða þjónustu, sem um er að ræða.
3. Eðli og umfang þessarar fyrirgreiðslu skal ákvarða í samræmi við þær aðferðir sem nefndar eru í 7. grein þessarar samþykktar eða með öðrum viðeigandi hætti.

## IV. KAFLI

**Aðferðir við ákvörðun starfskjara.**

7. gr.

Þegar nauðsyn krefur skal gera ráðstafanir, er hæfa aðstæðum í hverju landi, til þess að stuðla að og hvetja til fullrar þróunar og nýtingar úrræða til samninga um starfskjör og starfsskilyrði milli hlutaðeigandi stjórnvalda og félaga opinberra starfsmanna eða þeirra aðferða annarra, sem gera fulltrúum opinberra starfsmanna fært að taka þátt í ákvörðunum um þessi kjör.

## V. KAFLI

**Lausn á deilum.**

8. gr.

Lausnar á deilum í sambandi við starfskjör og starfsskilyrði skal eftir aðstæðum í hverju landi leita með samningum milli aðila eða fyrir atbeina óháðra og hlutlausra milliliða svo sem sáttasemjara eða gerðardóma, sem þannig séu skipaðir að tryggt sé að þeir njóti trausts þeirra, sem hlut eiga að máli.

## VI. KAFLI

**Borgaraleg og pólitísk réttindi.**

9. gr.

Opinberir starfsmenn skulu eins og aðrir launþegar njóta þeirra borgaralegra og pólitískra réttinda, sem nauðsynleg eru til eðlilegrar hagnýtingar félagafrelsis, einungis háð þeim skyldukvöðum sem fylgja stöðu þeirra og eðli starfsins.

## VII. KAFLI
## Lokaákvæði.

10. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

11. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

12. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

13. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

14. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

15. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

16. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 12. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

17. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

**Fylgiskjal III.**

**Tillaga nr. 158 um stjórn vinnumála: hlutverk, starfsemi og skipulag.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 64. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1978 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða gildandi alþjóðavinnumálasamþykkta og tillagna þar á meðal sérstaklega Samþykktar um vinnueftirlit, 1947, Samþykktar um vinnueftirlit í landbúnaði, 1969, og Samþykktar um vinnumiðlun, 1948, sem krefjast sérstakrar stjórnunar á vinnumálum,

telur æskilegt að samþykkja reglur, sem séu til leiðbeiningar um stjórnkerfi vinnumála í heild,

minnist ákvæða Samþykktar um stefnu í atvinnumálum 1964 og Samþykktar um þróun vinnuafls 1975 og minnist einnig þess markmiðs að völ sé nægrar atvinnu með viðunandi launum og staðfestir að þörf sé áætlana um stjórn vinnumála til þess að vinna að þessu markmiði og til þess að framfylgja tilgangi þessarar samþykktar;

viðurkennir að nauðsynlegt sé að virða að fullu sjálfsforræði félaga atvinnurekenda og launþega og minnist í því sambandi ákvæða gildandi alþjóðavinnumálasamþykkta og tillagna, sem tryggja réttinn til að stofna og ganga í félög og gera heildarsamninga og þá sér í lagi Samþykktar um félagafrelsi og verndun þess, 1948, og Samþykktar um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, sem banna þau afskipti stjórnvalda, sem skerða þennan rétt eða hindra löglega beitingu hans og telur að félög atvinnurekenda og launafólks eigi veigamiklu hluverki að gegna í efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum framförum;

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi stjórn vinnumála, hlutverk hennar, starfsemi og skipulag, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu til viðbótar Samþykkt um stjórn vinnumála, 1978, gerir það í dag, 26. júní 1978 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um stjórn vinnumála 1978:

## I. Almenn ákvæði.

1. Í þessari tillögu

a) tákna orðin „stjórn vinnumála" opinberar stjórnarathafnir á því sviði, sem stjórnarstefna þjóðarinnar í vinnumálum tekur til;

b) taka orðin „stjórnkerfi vinnumála" til allra opinberra stjórnarstofnana, sem bera ábyrgð á og/eða annast stjórn vinnumála hvort sem það eru ráðuneyti eða opinberar stofnanir þar með taldar hálfopinberar stofnanir, svæðis- og héraðsstofnanir og hvers konar annað form dreifðrar stjórnar, enn fremur hvers konar skipulagðar samræmingar á starfsemi slíkra stofnana og samráðs og samstarfs við atvinnurekendur og verkamenn og samtök þeirra.

2. Í samræmi við landslög eða reglugerðir eða landsvenju getur aðildarríki falið tiltekin hlutverk í stjórnun vinnumála á hendur stofnunum, sem ekki eru opinberar, einkum félögum atvinnurekenda og launþega eða fulltrúum atvinnurekenda og launþega þar sem það hentar.

3. Aðildarríki getur litið svo á að tilteknar athafnir innan marka stefnu þess í vinnumálum séu mál, sem í samræmi við landslög, reglugerðir eða landsvenju sé ráðið með beinum samningum milli samtaka atvinnurekenda og launþega.

4. Sérhvert aðildarríki ætti í samræmi við aðstæður í landinu að tryggja skipulagningu og virka starfsemi stjórnkerfis vinnumála í landi sínu og að starfsemi þess og skyldur séu í góðu samræmi.

## II. Hlutverk stjórnkerfis vinnumála.

### Starfsreglur.

5. (1) Hlutaðeigandi stofnanir innan stjórnkerfis vinnumála ættu að taka virkan þátt í undirbúningi, þróun, setningu, framkvæmd og endurskoðun reglna varðandi vinnumál, þar með talin lög og reglugerðir, sem máli skipta. Skal þetta gert í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega með þeim hætti og við þau skilyrði, sem ákveðin eru samkvæmt landslögum, reglugerðum eða landsvenju.

(2) Þær ættu að láta atvinnurekenda- og launþegasamtökum þjónustu sína í té eftir því sem við á samkvæmt landslögum eða reglugerðum eða landsvenju með það fyrir augum að stuðla að því að kjör og vinnuskilyrði stjórnist af sameiginlegum samningsgerðum.

6. Innan stjórnkerfis vinnumála ætti að vera vinnueftirlitskerfi.

### Samskipti á vinnumarkaði.

7. Hlutaðeigandi stofnanir innan stjórnkerfis vinnumála ættu að taka þátt í ákvörðun og framkvæmd þeirra aðgerða sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að tryggja það að atvinnurekendur og launþegar njóti óhefts félagafreksis.

8. (1) Til ættu að vera áætlanir um stjórn vinnumála, sem miði að því að koma á fót og efla samskipti aðila vinnumarkaðarins, sem stig af stigi leiði til betri starfskjara og aðbúnaðar á vinnustað og einnig þess að virt sé félagafrelsi og samningsréttur.

(2) Hlutaðeigandi stofnanir innan stjórnkerfis vinnumála ættu að veita aðstoð sína við að bæta samskipti á vinnumarkaði með því að láta í té eða efla ráðgjafarþjónustu til handa fyrirtækjum og samtökum atvinnurekenda og launþega, sem óska slíkrar þjónustu í samræmi við áætlanir, sem gerðar hafa verið á grundvelli samninga við slík samtök.

9. Hlutaðeigandi stofnanir innan stjórnkerfis vinnumála ættu að stuðla að fullri þróun og nýtingu skipunar frjálsra samninga.

10. Í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega, sem hlut eiga að máli, ættu hlutaðeigandi stofnanir innan stjórnkerfis vinnumála að láta í té sáttasemjaraþjónustu í kjaradeilum eftir því sem við á í landinu.

**Atvinna.**

11. (1) Hlutaðeigandi stofnunum innan stjórnkerfis vinnumála ætti að vera skylt að taka þátt í undirbúningi, stjórn, samræmingu, eftirliti og endurskoðun stjórnarstefnunnar í vinnumálum.
    (2) Miðstjórnarstofnun innan stjórnkerfis vinnumála, sem ákveðin sé í samræmi við lög og reglugerðir eða landsvenju, ætti að hafa náin afskipti af eða bera ábyrgð á viðeigandi skipulögðum aðgerðum til samræmingar athafna hinna ýmsu stjórnvalda og stofnana, sem annast vissa þætti stjórnarstefnunnar í vinnumálum.
12. Hlutaðeigandi stofnanir innan stjórnkerfis vinnumála ættu að samræma eða taka þátt í því að samræma vinnumiðlun, áætlanir um atvinnuaukningu, starfsfræðslu og starfsþjálfun og atvinnuleysisbótakerfi. Þær ættu einnig að samræma eða taka þátt í því að samræma þessa ýmsu þjónustu, áætlanir og kerfi með allsherjaraðgerðum í samræmi við stjórnarstefnu í vinnumálum.
13. Hlutaðeigandi stofnunum innan stjórnkerfis vinnumála ætti að vera skylt að koma á eða stuðla að því að komið verði á reglum og aðferðum til þess að tryggja samráð milli samtaka atvinnurekenda og launþega, eða fulltrúa þeirra, þar sem það á við, um stefnu í vinnuálum og eflingu samstarfs þeirra um framkvæmd slíkrar stefnu.
14. (1) Hlutaðeigandi stofnanir innan stjórnkerfis vinnumála ættu að vera ábyrgar fyrir skipulagningu vinnuafls eða, verði því ekki við komið, að taka þátt í starfsemi þeirra stofnana, sem hana annast, bæði með beinni aðild og tæknilegum upplýsingum og ráðgjöf.
    (2) Þær ættu að taka þátt í að samræma og tengja saman áætlanir um mannafla og efnahagslegar áætlanir.
    (3) Þær ættu að stuðla að sameiginlegum aðgerðum atvinnurekenda og launþega með aðstoð viðeigandi stjórnvalda og stofnana, eftir því sem við á, varðandi stefnu í vinnumálum bæði til skemmri og lengri tíma.
15. Innan stjórnkerfis vinnumála ætti að vera ókeypis opinber vinnumiðlun, sem starfi á raunhæfan hátt.
16. Hvarvetna þar sem landslög og reglugerðir eða landsvenja leyfa ættu hlutaðeigandi stofnanir innan stjórnkerfis vinnumála að vera að öllu eða nokkru leyti ábyrgar fyrir stjórn opinberra sjóða, sem ætluð eru hlutverk svo sem að vinna gegn atvinnuskorti eða atvinnuleysi, að miðla atvinnu innan svæða, eða til þess að stuðla að eða aðstoða við ráðningu sérstakra flokka launþega til vinnu þar á meðal verndaðrar vinnu.
17. Á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru samkvæmt landslögum eða reglugerðum eða landsvenju ættu hlutaðeigandi stofnanir innan stjórnkerfis vinnumála að taka þátt í þróun víðtækrar og samræmdrar stefnu og áætlana um þróun vinnuafls þar á meðal starfsfræðslu og starfsþjálfun.

**Rannsóknir í vinnumálum.**

18. Til þess a ná félagslegum markmiðum þess ætti eitt veigamesta hlutverk stjórnkerfis vinnumála að vera að hafa með höndum rannsóknir og hvetja aðra til þess sama.

## III. Skipulag stjórnkerfis vinnumála.

**Samræming.**

19. Vinnumálaráðuneytið eða önnur hliðstæð stofnun, sem tilnefnd er samkvæmt lögum,

reglugerðum eða landsvenju ætti að gera ráðstafanir til þess að stjórnkerfi vinnumála eigi viðeigandi fulltrúa í stjórnandi og ráðgefandi stofnunum þar sem upplýsingum er safnað, skoðanir eru athugaðar, ákvarðanir undirbúnar og teknar og framkvæmdir skipulagðar með tilliti til stefnu í félags- og efnahagsmálum.

20. (1) Sérhver þeirra meiri háttar þjónustustofnana innan stjórnkerfis vinnumála, sem annast þau mál, er um ræðir í 5.—18. gr. hér að framan, ætti að láta vinnumálaráðuneytinu eða hliðstæðri stofnun samkvæmt 19. grein, svo og samtökum atvinnurekenda og verkamanna, í té reglulega upplýsingar eða skýrslur um starfsemi sína.

(2) Þessar upplýsingar eða skýrslur ættu að vera faglegar að gerð, hafa að geyma viðeigandi hagskýrslur og tilgreina þau vandamál, sem komið hafa í ljós og, ef þess er kostur, þann árangur sem náðst hefur, þannig að unnt sé að meta ríkjandi ástand og þróun í fyrirsjáanlegri framtíð á sviðum, sem stjórnkerfi vinnumála lætur sig mestu skipta.

(3) Stjórnkerfi vinnumála ætti að meta, birta og útbreiða þær upplýsingar um vinnumálefni, sem það hefur leitt í ljós með starfsemi sinni og almenna þýðingu hafa.

(4) Í samráði við Alþjóðavinnumálaskrifstofuna ættu aðildarríkin að leitast við að stuðla að því að gerð sé hæf fyrirmynd að útgáfu slíkra upplýsinga með það fyrir augum að auðvelda alþjóðlegan samanburð þeirra.

21. Skipulag stjórnkerfis vinnumála í hverju landi ætti að vera í stöðugri endurskoðun í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og launþega.

**Fjárráð og starfslið.**

22. (1) Gera ætti viðeigandi ráðstafanir til þess að sjá stjórnkerfi vinnumála fyrir nauðsynlegu fjármagni og nægilegum fjölda hæfra starfsmanna til þess að stuðla að sem bestum árangri af starfsemi þess.

(2) Í þessu sambandi ætti að taka tilhlýðilegt tillit til:

a. mikilvægis þeirra hlutverka, sem inna skal af hendi,
b. þess búnaðar og fjármagns sem starfsliðið hefur yfir að ráða,
c. þeirra raunverulegra aðstæðna sem verða að vera fyrir hendi til þess að hin ýmsu störf verði unnin svo vel sé.

23. (1) Starfsfólk stjórnkerfis vinnumála ætti að fá frumþjálfun og frekari þjálfun á þeim stigum, er svari til starfa þess. Með fastri skipan skal tryggja að það eigi kost á slíkri þjálfun á öllum starfsstigum.

(2) Starfsfólk í sérstökum þjónustustörfum ætti að hafa til að bera þá hæfni sem slík störf krefjast og ætti það að vera sannreynt á þann hátt sem hlutaðeigandi stofnun ákveður.

24. Athuga ætti að bæta við það námsefni og aðstöðu til þjálfunar, sem veitt er í einstökum löndum og um getur í 23. grein hér að framan, með alþjóðlegri samvinnu í formi skipta á reynslu og upplýsingum og sameiginlegri grunnþjálfun og framhaldsþjálfun, einkum svæðisbundið.

**Innri stjórn.**

25. (1) Innan stjórnkerfis vinnumála ættu yfirleitt að vera sérhæfðar einingar til þess að annast hina einstöku aðalþætti stjórnunar vinnumála, sem þeim með lögum eða reglugerðum er falið að annast.

(2) Það gætu þannig verið einingar fyrir mál eins og samningu reglna um starfskjör og vinnuskilyrði; vinnueftirlit; samskipti atvinnurekenda og launþega; atvinnu, skipulagningu vinnuafls og þróun þess; alþjóðleg vinnumál; og, eftir því sem við á, félagslegt öryggi, lög um lágmarkslaun og málefni sem varða sérstaka hópa launþega.

**Svæðastofnanir.**

26. (1) Gera ætti viðeigandi ráðstafanir um virka skipulagningu og starfsemi svæðadeilda stjórnkerfis vinnumála.

(2) Einkum ættu þessar ráðstafanir:

a. að tryggja það, að staðsetning svæðadeilda hæfi þörfum í hinum ýmsu héruðum, ætti að hafa aðalsamtök atvinnurekenda og launþega með í ráðum í því máli;

b. að svæðadeildum sé séð fyrir nægu starfsliði, tækjumog möguleikum á flutningi þannig að þær geti gegnt sínu hlutverki á raunhæfan máta;

c. að tryggja það, að svæðastofnanirnar fái nægar og skýrar upplýsingar svo komið verði í veg fyrir þann möguleika að lög og reglugerðir séu skýrðar á mismunandi vegu í hinum ýmsu héruðum.

**FylgiskjalIV.**

**Tillaga nr. 159 um aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu.**

Allsherjar þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 64. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1978 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar um félagafrelsi og aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu til viðbótar Samþykkt um samskipti vinnuveitenda og launþega (opinber þjónusta) 1978, gerir það í dag 27. júní 1978 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um samskipti vinnuveitenda og launþega (opinber þjónusta), 1978:

1. (1) Í löndum þar sem reglur gilda um ákvörðun þess hvaða félögum opinberra starfsmanna skuli með forgangsrétti eða einkarétti veita þau réttindi, sem um ræðir í III.,IV. eða V. kafla Samþykktarinnar um samskipti vinnuveitenda og launþega (opinber þjónusta), 1978, ætti slík ákvörðun að byggjast á hlutlægum og áður settum mælikvarða með tilliti til þess hvers eðlis umboð félagsins er.

(2) Reglur þær, sem um getur í málsgrein (1) í þessari grein, ættu að vera þannig að þær stuðli ekki að stofnun fleiri félaga í sömu starfsgrein.

2. (1) Að því er tekur til samninga um starfskjör og starfsskilyrði í samræmi við IV. kafla Samþykktarinnar um samskipti vinnuveitenda og launþega (opinber þjónusta), 1978, ætti að ákveða með lögum eða reglugerðum eða með öðrum viðeigandi hætti hvaða einstaklingar eða stofnanir hafi umboð til þess að semja fyrir hönd hlutaðeigandi stjórnvalda og hvaða reglur gilda um framkvæmd þeirra ákvæða og skilyrða, sem um er samið.

(2) Þegar aðrar aðferðir en samningar eru viðhafðar til þess að láta fulltrúa launþega hins opinbera taka þátt í ákvörðun starfskjara og starfsskilyrða ætti með lögum eða reglugerðum eða öðrum viðeigandi hætti að setja reglur um slíka þátttöku og endanlega ákvörðun í þessum málum.

3. Nú er gerður samningur milli stjórnvalds og félags opinberra starfsmanna í samræmi við (1) málsgrein 2. greinar þessarar tillögu og ætti þá yfirleitt að tiltaka nánar gildistíma hans og/eða með hvaða hætti hann falli úr gildi, endurnýist eða endurskoðist.

4. Við ákvörðun hvers konar og hversu víðtæka fyrirgreiðslu skuli veita fulltrúum félaga opinberra starfsmanna í samræmi við 6. grein 3. málsgrein Samþykktarinnar um samskipti vinnuveitenda og launþega (opinber þjónusta), 1978, ætti að gefa gaum að Tillögu um trúnaðarmenn verkamanna, 1971.